

Skipulag

Fundarboðandi:	Hildur Arna Gunnarsdóttir	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Póra Jónasdóttir	Dagsetning:	21. ágúst 2025
Fundarritari:	Hildur Arna Gunnarsdóttir	Fundartími:	09:00 – 11:00
Þátttakendur:	Póra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Helga Sigríður Viðarsdóttir (f.h. DÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Starfsmaður MAST: Hildur Arna Gunnarsdóttir (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).		

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Titill umsóknar: „Endurnýjun á leyfi til notkunar á dýrum til verklegrar kennslu á Háskólastigi og til þjálfunar á starfsfólki og nemum Arctic LAS.“

Tilgangur: Sótt er um leyfi til þess að nota dýr (mýs og rottur) við verklega kennslu á háskólastigi (FELASA A/B/D námskeið sem veita réttindi til dýratilrauna), til þjálfunar starfsfólks ArcticLAS og HÍ.

Fyrir fundinn lá mat Hildar Örne Gunnarsdóttir sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.

b. Titill umsóknar: „Áhrif friðunarsvæða á aðgengi að stofnum nytjafiska“,

Tilgangur: Að meta hvernig fyrirbyggjandi og fyrirhuguð friðunarsvæði hafa áhrif á sóknarmynstur og aðgengi að nytjafiskstofnum með því að nýta líkön, veiðidagbækur og fiskmerkingar.

Fyrir fundinn lá mat Hildar Örne Gunnarsdóttir sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð getur ekki tekið afstöðu vegna þess að gögn bárust seint og upp komu spurningar sem þarf að svara áður en umsókn getur verið afgreidd.
2. Ályktun um smölun og réttir: Verður unnin áfram af nefndaraðilum milli funda og samþykkt þegar hún liggur fyrir. Stefnt á að ályktunin verði birt sem frétt.
3. Lausaganga búfjár og umferð – Gögn hafa borist fagráði sem óskað var eftir frá lögreglu um fjölda dýra sem ekið hefur verið á eftir embættum sl. 10 ár. Nýju gögnin voru borin saman við fyrri gögn frá suðurlandi. Aðeins er misræmi í gögunum og fagráð mun óska útskýringum. Unnið verður að ályktun milli funda.
4. Afréttarheit sauðfjár með tilliti til velferðar dýra og ábyrgðar umsýslarmanna/eiganda. Náðist ekki að fjalla um málið en verður unnið áfram samanber fyrri bókanir. Fagráðið kallar eftir gögnum um afföll sauðfjár frá RML á afrétt og úthögum. Borist hafa gögn frá Bændasamtökunum um ábyrgð og tímasetningu sleppinga á afrétt og smölun utan hefðbundins tíma sem verður farið yfir á næsta fundi.
5. Yfirferð á vinnureglum Fagráðs um velferð dýra – tekið fyrir á næsta fundi.

6. Fyrirkomulag eftirlits við hrefnuveiðar – tekið fyrir á næsta fundi.

1. Drög að dagskrá næsta fundar.

- a. Umsóknir um leyfi til dýratilrauna
- b. Ályktun um smölun og réttir
- c. Lausaganga búfjár og umferð – Framgangur mála
- d. Afréttarheit sauðfjár með tilliti til velferðar dýra og ábyrgðar umsjónarmanna/eiganda – Svör frá hagaðilum
- e. Yfirferð á vinnureglum Fagráðs um velferð dýra
- f. Fyrirkomulag eftirlits við hrefnuveiðar
- g. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:11. Næsti fundur Fagráðs um velferð dýra verður í september, nánari dagsetning ákveðin síðar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.